

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 20.2 gr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 20.2 eða 20.3 gr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

17. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna Hafnasamlags Norðurlands er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnýslulaga.

18. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi hafnarreglugerðir fyrir: Akureyri nr. 98/1987, með síðari breytingum, Grenivík nr. 131/1978, með síðari breytingum og Svalbarðseyri nr. 220/1951 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 1. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur á fundi sínum þann 1. febrúar 2005 samþykkt að nýju tillögu að deiliskipulagi vegna byggingar 3ja íbúðarhúsa í landi Syðri-Varðgjár. Lóðirnar eru samlægar sunnanvert í landi jarðarinnar vestan Veigastaðavegar.

Tillagan hefur fengið þá meðferð sem lög ákveða og er nú auglýst til að taka þegar gildi sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 1. mars 2005.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.